

Sp. 148. Tillaga til þingsályktunar [78. mál]

um endurskoðun laga um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða löggjöfina um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis. Með þeirri endurskoðun skal einkum stefnt að því að gera utanríkisþjónustuna hagkvæmari og ódýrari en nú. Endurskoðunin skal gerð í samráði við þingflokkana, og skulu niðurstöður hennar lagðar fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Hinn 10. apríl 1940, eftir hernám Danmerkur, samþykkti Alþingi, að Ísland skyldi, að svo stöddu, taka meðferð utanríkismála í sínar hendur. Nokkru síðar eða 8. júlí 1940 voru gefin út bráðabirgðalög um utanríkisþjónustu erlendis. Þessi bráðabirgðalög voru síðan lögð fyrir Alþingi 1941, er gerði á þeim nokkrar breytingar. Voru þau síðan staðfest og birt sem lög 31 frá 27. júní 1941. Hafa þau síðan staðið óbreytt.

Lögin um utanríkisráðuneyti Íslands og fulltrúa þess erlendis eru þannig sett við óvenjulegar aðstæður og án þess að við nokkra verulega reynslu í meðferð utanríkismála væri að styðjast. Þau voru upphaflega sett af nokkurri skyndingu sem bráðabirgðalög. Hefur sennilega verið gert ráð fyrir, að skipan utanríkismálanna yrði fljótlega tekin til gagn Gerrar endurskoðunar og um meðferð þeirra sett fullkomin löggjöf. En af því hefur enn ekki orðið.

Þegar þess er gætt, sem á undan er sagt, er sízt að undra, þó að í ljós hafi komið að fenginni reynslu, að í lögum þessum hefði sitthvað mátt betur fara. Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að nú megi ekki öllu lengur dragast, að þau séu tekin til endurskoðunar. Ber til þess margt og ekki hvað sízt hinn siva-xandi kostnaður við utanríkisþjónustuna, sem er að verða landinu ofviða. Það er óhugsandi, að hægt sé að halda áfram á sömu braut í þeim efnum. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt að halda uppi óhjákvæmilegri utanríkisþjónustu, og að henni verður að búa svo, að hún geti rækt hlutverk sitt á viðunandi hátt. En við verðum að sníða okkur stakk eftir vexti í þessum efnum. Það þarf að fenginni reynslu að athuga, hvar nauðsynlegt er að hafa sendiráð, hvort ekki sé hægt að sameina tvö eða fleiri sendiráð í eitt og hvort ekki sé með öðrum hætti hægt að draga úr útgjöldum við þessa starfsemi. Jafnframt þarf að kanna, hvers konar menntun og reynsla henti starfsmönnum utanríkisþjónustunnar bezt, svo og hver skuli vera staða útsendra fulltrúa.

Í l. 31/1941 er það lagt á vald ríkisstjórnarinnar að ákveða, hvar Ísland skuli hafa sendiráð. Þessu þarf að breyta. Það er eðlilegra, að löggjafinn ákveði, hvar sendiráð skuli vera, eða setji a. m. k. um þetta nánari reglur. Það er í samræmi við meginreglur islenzks réttar um stofnun embætta. Það er a. m. k. lágmarkskrafa, að um þessi efni sé haft samráð við utanríkismálanefnd og að það sé beinlínis bundið í lögum. Skipun utanríkisþjónustunnar þarf að koma í fastara horf, svo að hún sé ekki komin undir geðþótta ríkisstjórnar á hverjum tíma.

Lagt er til, að hér um rædd endurskoðun fari fram í samráði við þingflokkana. Með því er bezt tryggt, að nauðsynleg samstaða skapist um skipan þessara mála.

Fyrir tillögu þessari verður gerð nánari grein í framsögu.